

## Lög sungin á Syllu jan - maí

### Ó hangikjöt, ó, hangikjöt

Ó hangikjöt, ó, hangikjöt  
og rófustappa  
grænar baunir  
súrhvalur  
Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt  
og sviðasulta  
hrútsprungar  
og harðfiskur  
:,:og hákarl og flatbrauð  
mér finnst svo gott að borða  
allan þennan mat:,:

### Bolludagur.

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik,  
mér alltaf þykir gaman að iðka þennan leik.  
Ég bolla og bolla á bossann á þér fast ég  
slæ bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.  
Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar,  
bollurnar  
já, bragðgóðar eru bollurnar húllum hæ.

### Sprengidagur.

Á sprengidegi er bumban að springa hreint  
á mér  
Því magnið er ei smátt sem í magann a  
mér fer. Af saltkjöti og baunum ég saðningu  
í magann fæ  
Af saltkjöti og baunum ég saddur verð og  
hlæ. Já, bragðgóðar eru baunirnar,  
baunirnar, baunirnar  
Já, bragðgóðar eru baunirnar húllum hæ.

### Öskudagur.

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað  
Og elti menn og konur sem ekki vita um  
það. Hengi svo poka á hinn og þennan sem  
ég næ Lauma svo poka, læðist bur tog hlæ.  
Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir,  
pokarnir  
Svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ

### Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,  
er hvítur Súlutindur  
Ef ég ætti úti kindur,  
mundi' ég láta' þær allar inn,  
elsku besti vinur minn!  
:,: Úmbarassa, úmbarassa,  
úmbarassassa :,:

Upp er runninn öskudagur,  
ákaflega skýr og fagur.  
Einn með poka ekki ragur  
úti vappar heims um ból.  
Góðan daginn, gleðileg jó!  
:,: Úmbarassa.....:,:

### Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,  
kallar á nafna sinn:  
„Ég fann höfuð af hrúti,  
hrygg og gæruskinn .  
Komdu nú og kroppaðu með mér,  
krummi nafni minn.  
Komdu nú og kroppaðu með mér,  
krummi, nafni minn.“

### Göngum, göngum.

Göngum, göngum göngum upp í gilið  
gljúrabúann til að sjá.  
Þar á klettasyllu svarti krummi  
Sínum börnum liggur hjá.

### Ég heyri þrumur.

:,: Ég heyri þrumur :,:  
:,: Heyrir þú :,:  
:,: Droparnir detta :,:  
:,: Ég er gegnblautur :,:

### Hver var að hlæja?

Hver var að hlæja, þegar ég kom inn?  
Kannski það hafi verið kötturinn?  
:,: Jæja, nú jæja, látum hann hlæja.  
Kannski hann hlæi ekki í annað sinn. :,:

## Allir hlæja á öskudaginn

Allir hlæja á öskudaginn  
Ó, mér finnst svo gaman þá .  
Hlaupa lítill börn um bæinn  
og bera poka til og frá.

## Lausavísur

Afi minn og amma mín  
úti á Bakka búá,  
þau eru bæði sæt og fín,  
þangað vil ég fljúga.

Afi minn fór á honum Rauð  
eitthvað suður á bæi,  
að sækja bæði sykur og brauð  
sitt af hvoru tagi.

Fljúga hvítu fiðrildin  
fyrir utan gluggann,  
þarna siglir einhver inn  
ofurlítill duggan.

## Tunglið, tunglið

Tunglið, tunglið, taktu mig  
og berðu mig upp til skýja,  
þar situr hún móðir mín  
og kembir ull nýja.

## Bráðum fæðast lítill lömb

Bráðum fæðast lítill lömb,  
leika sér og hoppa.  
Með lítinn munn  
og litla vömb  
lambagras þau kroppa.  
Við skulum koma og klappa þeim  
kvöld og bjartar nætur,  
reka þau að húsum heim,  
hvít með gula fætur.

## Nú skal syngja um dýrin

Nú skal syngja um kýrnar  
sem baula hátt í kór,  
þær gefa okkur mjólkina  
svo öll við verðum stór.  
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!  
Mu mu mu, mu mu mu mu mu ...

Nú skal syngja um hænsnin  
Sem gagga endalaust  
Þau gefa okkur egginn  
svo öll við verðum hraust.  
Egg, egg, egg, egg, egg  
Ga ga gó, ga ga ga ga gó ...

Nú skal syngja um lömbin  
sem jarma sætt og blítt,  
þau gefa okkur ullina  
svo okkur verði hlýtt.  
Ull, ull, ull, ull, ull.  
Me me me, me me me me me ...

## Lagið um fingurnar

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur,  
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,  
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur.  
Tíu litlir fingur á höndum

## Kalli litli könguló

Kalli litli könguló  
Klifrar upp í tré.  
Þá kom rigning  
og Kalli litli datt.  
Upp kom sólin  
og þerraði hans kropp.  
Kalli litli könguló  
klifrar upp á topp.

Kalli litli könguló  
klifrar upp í rúm,  
það er komin nótt  
og allt er orðið hljótt.  
Mamma kemur inn  
og bíður góða nótt  
Kalli litli könguló  
sofnar vært og rótt.